



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á afmælisráðstefnu SÁÁ  
í Háskólabíói  
6. október 2012**

Heiðraða samkoma

Á afmælisári, þegar SÁÁ fagnar merkjum tímamótum, eru í huga okkar Íslendinga einlægur þakkir til frumherjanna og þeirra sem staðið hafa vaktina af fórnfýsi og einurð.

SÁÁ hefur fært fjölda landsmanna í senn bata og nýja trú á framtíðina, skapað fjölskyldum, ættingjum og vinum glaða daga eftir oft áralanga glímu við áfengisneyslu þeirra sem okkur eru kær.

Veganestið frá fyrsta degi var hugsjónin um betra líf, að sérhver ætti að geta sótt lækningu og hjálp.

SÁÁ varð í upphafi fjöldahreyfing, málstaðurinn þjóðareign.

Það er fáum gefið að breyta mælikvörðum og gildismati heillar þjóðar en það hefur SÁÁ svo sannarlega gert um leið og daglegt líf þúsundanna hefur á ný orðið heilbriggt og traust.

Við gleymum því stundum að með sérhverjum sem áfengið gerir að fórnarlambi eru tugir sem einnig þjást vegna ættarbanda, vináttu eða tengsla á vinnustað. Þegar fíkniefnin juku svo enn á vandann varð verkefnið, lækningin enn brýnni.

SÁÁ hefur áfram sótt á brattann, lætur erfiðleika fyrri tíðar ekki aftra sér enda í eðli sínu ekki stofnun heldur hugsjónarík fjöldahreyfing.

Það er einmitt sá eiginleiki sem skapar sérstöðu SÁÁ, eflir félagsskapinn ár af ári.

Vissulega er vandi þjóðarinnar í baráttunni við áfengið og fíkniefnin enn mikill og nokkrar þúsundir bræðra okkar og systra, og börnin þeirra og fjölskyldur, þurfa á sérstakri meðferð og hjálp að halda, aðstoð og

umhyggju í lengri tíma en áður var talið. Þessvegna er brýnt að SÁÁ njóti áfram stuðnings okkar allra.

Á þessum tímamótum flyt ég ykkur þakkir og heillaóskir íslenskrar þjóðar, þakkir fyrir að hafa bjargað tugþúsundum Íslendinga, þakkir fyrir að hafa gert samfélagið heilbrigðara og betra.

Þið hafið sýnt að með samstarfi getum við náð árangri. Það hefur verið og er enn boðskapur SÁÁ til Íslendinga.

Lifið heil og til hamingju með afmælið.